



Afrekshundur ársins 2011

Íslenski fjárhundurinn, Kjarval

Afrekshundur ársins er íslenski fjárhundurinn, Sindra-Kjarval, fæddur í febrúar 2001. Kjarval eins og hann er kallaður í daglegu tali er í eigu Ingileifs Einarssonar og fjölskyldu. Frá því að Kjarval kom inn á heimili sitt árið 2003 hefur hann aðstoðað langveikan einstakling. Aðstoðin felst í að Kjarval er þeim gáfum gæddur að hann finnur á sér þegar viðkomandi er að fá aðsvif og kemur honum til hjálpar. Kjarval fær hann þá til að setjast niður og tekur af honum fallið ef hann dettur. Í kjölfarið athugar Kjarval hvort hann andi með því að setja trýnið þétt upp að andlitinu á honum og reynir síðan að fá hann aftur til meðvitundar með því að sleikja hann í framan og klóra í hann. Kjarval geltir síðan hátt til að láta vita að eitthvað sé að og sækir hjálp ef hann fær engin viðbrögð.

Kjarval finnur einnig á sér þegar flogkast er í vændum hjá lítilli frænku fjölskyldunnar sem þjáist af illviðráðanlegri flogaveiki. Hann lætur vita þegar að kast er í vændum með því að sleikja hana í framan, ýta trýninu í hana, horfa áhyggjufullur á hana og væla. Í vor var hann viðstaddur flogakast hjá henni þar sem hún missti meðvitund, blánaði og krampaði mjög lengi. Kjarval lá þá við hlið hennar allan tímann og athugaði reglulega hvort hún andaði. Þegar sjúkraflutningamenn komu áttu þeir í mestu vandræðum með að komast að stúlkunni þar sem Kjarval var svo upptekinn af því að sinna henni.

Kjarval hefur ekki hlotið neina sérstaka þjálfun sem hjálparhundur, heldur tók hann upp á þessu af sjálfsdáðum. Hann lætur engan bilbug á sér finna þrátt fyrir að vera orðinn 10 ára, sjóndapur og með gigt. Hann er sannkallaður afrekshundur og hefur sinnt starfi sínu í átta ár. Með afrekum sínum hefur Kjarval í óteljandi skipti komið í veg fyrir að illa fari, auk þess sem hann hefur aukið lífsgæði og sjálfstraust veiks einstaklings og veitt honum ómælda ánægju. Kjarval er einstakur persónuleiki, mikill gleðigjafi, frábær, skemmtilegur og traustur félagi.

